

Námsferill: Stúdent frá MR 1934. Yfirvélstjórapróf við Tekniska Gymnasiet í Gautaborg 1940. Próf í skipaverkfræði frá KTH í Stokk-hólmi 1939.

Starfsferill: Verkfræðingur hjá Kockums Mek. Verkstad í Málmeý 1939-44. Ráðunautur íslensku ríkisstjórnarinnar við bátasmíði hennar í Svíþjóð 1945-46. Forstjóri Landssmiðjunnar í Reykjavík 1947-51. Aðstoðarmaður framleiðslustjóra í Kockums Mek. Verkstad 1952-57, deildarstjóri þar 1957-62, á sviði skipulagningar og hagræðingar, yfirverkfræðingur 1962-65, tæknilegur framkvæmdastjóri og varaforstjóri þar 1965-78. Forstjóri í Kockums AB og Kockums Varv (Shipyard) AB 1978-79.

Félags- og trúnaðarstörf: Í stjórn Kockums AB 1980-85, Karlskronavarvet AB 1980-84, Lisnave Shipyard, Lissabon, 1971-84. Einnig í stjórn dótturfyrirtækja innan Kockumssamsteypunnar um nokkurra ára skeið. Í nokkur ár meðlimur í Loyds Register svenska kommitté, Det Norske Veritas tekniska kommitté og American Bureau of Shipping skand. kommitté. Í stjórn VFÍ 1949-51, Skanska Ingeniörsklubben 1962-68, Sveriges Mekanförbund 1964-76, Institutet för verkstads- och forskning 1964-76 og Stiftelsen för Skeppsteknik Forskning 1970-79, formaður 1974-75. Formaður í Programstyrelsen för Marinteknik Forskning 1980-90.

Viðurkenningar: Riddari af Kungl. Vasaorden 1974. Kjörinn meðlimur í sænska Ingeniörsvetenskapsakademien (IVA) 1975. Sæmdur stórriddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu 1979. Veittur heiðurspeningur Verkfræðingafélags Íslands 1984. Tæknilegur heiðursdoktor við Lunds Universitet 1982.


– K. 7. ágúst 1946, **Maj Hillevi Aström**, f. 13. ágúst 1915 í Nederlulea í Svíþjóð.

For.: **Gustaf Laurentius Åström**, ritstjóri í Nederlulea, f. 20. maí 1885, d. 22. mars 1931, og k. h. **Ebba Charlotta Gustavsson**, f. 21. maí 1893, d. 21. sept. 1918.

Börn þeirra: a) **Ebba**, f. 25. febr. 1947 í Gautaborg í Svíþjóð, héraðshjúkrunarkona í Gautaborg. b) **Karin Guðlaug**, f. 9. jan. 1949 í Reykjavík, sálfræðingur í Svíþjóð. – M. Mats Jeremíasen, markaðshagfræðingur.

Ólafur Sigurðsson, f. 18. júní 1946 í Reykjavík, byggingarverkfræðingur.

For.: **Sigurður Ólafsson**, lyfsali í Reykjavík, f.



7. mars 1916 á Brimilsvöllum, Fróðárh., Snæf., d. 14. ágúst 1993, og k. h. **Þorbjörg Jónsdóttir**, f. 1. nóv. 1918 í Reykjavík.

Föðurfor.: **Ólafur Bjarnason**, bóndi og hreppstjóri á Brimilsvöllum, f. 10. apríl 1889 á Hofi, Kjalar-neshr., Kjós., d. 3.

ágúst 1982, og k. h. **Kristólína Kristjánsdóttir**, kennari á Brimilsvöllum, f. 4. ágúst 1889 á Norður-Bár í Eyrarsveit, Snæf., d. 29. nóv. 1960.

Móðurfor.: **Jón Kristjánsson**, læknir í Reykjavík, f. 14. júní 1881 á Breiðabólstað í Vesturhópi, d. 17. apríl 1937, og k. h. **Emilía Sighvatsdóttir**, f. 12. okt. 1887 í Reykjavík, d. 18. nóv. 1967.

Námsferill: Stúdent frá MR 1966. Fyrrihluta-próf í verkfræði frá HÍ 1969. Próf í byggingarverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn 1972.

Starfsferill: Verkfræðingur hjá Hönnun hf. frá 1972, meðeigandi frá 1975.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður BVFI 1985-86. Í Staðlaráði Íslands 1987-88.

– K. I. 15. des. 1968, (skildu), **Ásdís Magnúsdóttir**, f. 26. nóv. 1949 í Kópavogi, húsfreyja í Reykjavík.

For.: **Magnús Teitsson**, (Max Keil), framkvæmdastjóri í Kópavogi, f. 14. jan. 1908 í Þýskalandi, d. 1968, og k. h. **Helga Þorsteins**, ritari, f. 24. maí 1914 á Seyðisfirði, d. 8. sept. 1994.

– K. II. 1. des. 1973, **Helga Kjaran Birgisdóttir**, f. 20. maí 1947 í Reykjavík, kennari.

For.: **Birgir Kjaran Magnússon**, hagfræðingur og alþingismaður í Reykjavík, f. 13. júní 1916 í Reykjavík, d. 12. ágúst 1976, og k. h. **Sveinbjörg Helga Sophusdóttir Blöndal**, f. 8. des. 1919 á Siglufirði.

Börn þeirra: a) **Björg**, f. 18. okt. 1976 í Reykjavík, nemi í Reykjavík. b) **Ólöf**, f. 29. okt. 1980 í Reykjavík.

Fóstursonur Ólafs og sonur Helgu: **Birgir Ármannsson**, f. 12. júní 1968 í Reykjavík, laganemi í Reykjavík.

Ólafur Sigurðsson, f. 12. júlí 1960 í Hafnarfirði, verkfræðingur í Reykjavík.

For.: **Sigurður Sigurðsson**, tollvörður og húsa-smíðameistari í Reykjavík, f. 27. des. 1922 í